

Ársskýrsla æskulýðsnefndar 2020

Hverjir skipa æskulýðsnefnd?

Sjöfn Sæmundsdóttir

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir

Þór Jónsteinsson

Erla Tryggvadóttir

Kristján Magni

Þórdís Arnardóttir

Sóley Margeirsdóttir

Karen Woodrow

Verkefni á starfsárinu

Starf nefndarinnar var með minnsta móti vegna COVID – 19.

Youthcamp - Viðburðinum var frestað vegna COVID – 19.

Undirbúningur var komin vel á veg en sem áður var auglýst eftir umsækjendum. Það var ljóst að áhugi var til staðar en fólk var hikandi við að skrá vegna aðstæðna.

Myndbandskeppni FEIF

Æskulýðsnefnd FEIF efndi til alþjóðlegrar myndbandssamkeppni þar sem ungir hestaunnendur geta tekið þátt. Æskulýðsnefnd LH hélt utan um forkeppnina, en hún er liðakeppni með 2 – 6 þátttakendum sem eru 18 ára og yngri. Efnið var íslenskað en að þessu sinni bárust engin myndbönd í keppnina.

Æskulýðsbikar

Á hverju ári kallar æskulýðsnefnd LH eftir skýrslum frá æskulýðsnefndum hestamannafélaga landsins. Þetta gefur okkur gott tækifæri til að fylgjast með hvað er að gerast í æskulýðsstarfinu um landi.

Til að verðlauna gott starf veljum við handhafa Æskulýðsbikars LH, en hann veittur því félagi sem skara hefur þótt framúr í æskulýðsstarfi síðastliðins starfsárs og hefur verið afhentur frá árinu 1996. Skýrslurnar er hægt að lesa á heimasíðu LH undir skýrslur æskulýðsnefndar <https://www.lhhestar.is/is/aeskan/aeskulydsskyrslur/2020>

Árið 2019 var það Geysir sem hlaut æskulýðsbikar LH.

Veturinn hefur svo sannarlega verið með öðruvísi sniði. Við yfirferð á skýrslum frá æskulýðsnefndum hestamannafélaga um allt land var í raun ótrúlegt að lesa hversu umfangsmikið starfið var. Á seinustu árum hefur verið mikil umræða sem snýr að nýliðun í greininni. Það er áberandi í skýrslum nefndanna að áhersla hefur verið lögð

á að fjölga ungum þátttakendum og er nýliðunar starf til fyrirmyndar hjá mörgum félögum. Hestamannafélög eru að hugsa stórt, byggja félagshesthús, ráða til sín yfirþjálfara, setja á laggirnar kennslu sem stuðlar að þátttöku allan ársins hring og mátti greina virkt og gott samstarf á milli félaga í lestri skýrslanna. Fyrir þetta eiga nefndirnar, félögin og félagsmenn þess mikið hrós fyrir!

Fyrir hönd æskulýðsnefndar LH,

Karen Woodrow